

16. gr.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar sjóslysa, m.a. um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málgagna, persónuskilríki um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um rannsókn sjóslysa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum.

17. gr.

Brot á ákvæðum 6. gr. varðar sektum.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

Með lögum þessum eru núnin úr gildi ákvæði 230. og 231. gr. laga nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi rannsóknarnefndar sjóslysa og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd sjóslysa samkvæmt lögum þessum.

Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG**um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

219. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjópróf fyrir héraðsdómi skal haldið ef Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, eigandi, útgerðarmaður, leigutaki skips eða skipstjóri fyrir þeirra hönd, farm-eigandi eða váttryggjandi skips, áhafnar, farþega eða farms eða lögreglustjóri, yfirvél-stjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna óska þess sérstak-lega. Nú hlýst tjón af siglingu skips eða útgerð skips og getur þá tjónþoli á sama hátt óskað eftir sjóprófi.

- b. Í stað orðanna „landhelgi, sbr. 1. gr. 1. nr. 41/1979“ í 2. mgr. kemur: efnahagslögsögu, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1979.
- c. Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun Íslands eða rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 3. mgr. kemur: geta þá sömu aðilar og greinir í 1. mgr.
- d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú synjar héraðsdómari að fram fari sjópróf og er þá heimilt að kæra þá ákvörðun til Hæstaréttar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 221. gr. laganna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir orðinu „lögregluþfyrirvöld“ í 3. mgr. kemur: og rannsóknarnefnd sjóslysa.
- c. Orðin „sem greinir í 2. mgr.“ í 4. mgr. falla brott.
- d. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lokamálsliður 222. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

223. og 224. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 226. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Pegar sjópróf fer fram gefur dómari sjóprófsbeiðanda kost á að leiða og spyrja vitni. Aðrir þeir sem óskað geta sjóprófs, sbr. 220. gr., geta á sama hátt leitt og spurt vitni, kynnt sér málsskjöl og gert þær bókanir sem þeir telja nauðsynlegar. Vitna-skýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að milliliðalaus hljóðritun sé notuð.
- b. 3. mgr. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „við sjópróf skal dómurinn skoða“ og „jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma“ í 4. mgr. kemur: við sjópróf getur dómurinn skoðað, og: jafnframt getur dómurinn framkvæmt eða látið framkvæma.
- d. 5. mgr. orðast svo:

Pegar halda skal sjópróf ber sjóprófsbeiðanda að tilkynna Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa og lögreglustjóra þar sem sjópróf er haldið þar um.
- e. 6. og 7. mgr. falla brott.
- f. Á eftir orðinu „senda“ í 8. mgr. kemur: viðkomandi lögreglustjóra.

7. gr.

Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri“ í 228. gr. laganna kemur: geta þá þeir sem sjóprófs geta beiðst, sbr. 1. mgr. 220. gr.

8. gr.

229.–231. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

*Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Nr. 70

20. maí 2000

LÖG

um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum, skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð, Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.